



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

## Þarf að þrifa og/eða sótthreinsa umbúðir matvæla eftir búðarferð á COVID-19 tímum?

Ólíklegt er að einstaklingar smitist af kórónuveiru við snertingu matvælaumbúða. Kórónuveiran berst ekki með matvælum og samkvæmt öllu teljast þrif og sótthreinsun umbúða óþörf.

Hins vegar á alltaf að þvo grænmeti og ávexti fyrir neyslu, bæði íslenska og erlenda.

Minnt er á góðan handþvott eftir búðarferð þar sem í verslunum eru snertifletir sem margir kunna að koma við, s.s. handföng á kerrum, kælum og körfum, posar og snertiskjáiir o.fl.